

Ed.

## 608. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð í Ólafsvík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Vjer höfum athugað frumvarp þetta og skjöl þau, sem fyrir hendi eru, og kemur í ljós, að hafnargerð þessi verður til ómetanlegs gagns fyrir hjerað það, sem höfnin verður byggð í.

Aðalmannvirkið er skjólgarður fyrir Ólafsvík, sem að áliti verkfræðings N. P. Kirk, sem mælt hefir hafnarstæðið og gert áætlanir um kostnaðinn, verður tii skjóls fyrir skip og báta á vikinni í öllum hafviðrum; á stóru svæði verður milli 5 og 6 metra dýpi 90 metra inn í vikina, reiknað frá bylgjubrjótendanum. Stór kostur er það á þessu hafnarstæði, að það er hægt að stækka höfnina að eins með því að lengja bylgjubrjótinn, og þarf ekki að fara með hann á meira dýpi samt en 6 metra. Við bryggjuna, sem liggur innan við garðinn, er 5 metra dýpi. Alt dýpi er hjer miðað við stórstraumsfjöru á tímabilinu 1. maí til 5. júlí 1919, því þá fóru mælingarnar fram. Við bryggju þessa geta því legið sámilega stór skip.

Eftir áætluninni eru mannvirkin þessi:

1. Lögur á þurru landi og uppfylling á landi ... ..	kr. 139400
2. Grjótgarður og bylgjubrjótur við uppfyllinguna ... ..	— 28400
3. Múr á uppfylling ... ..	— 8700
4. Bylgjubrjótur ... ..	— 315500
5. Vegur meðfram honum ... ..	— 29750
6. Skipabryggja ... ..	— 147000
7. Batabryggja ... ..	— 13250
8. Festarhringar ... ..	— 8000

Kr. 700000

Enda þótt nú hjer sje um mikla fjárhæð að ræða, þá hikar nefndin ekki við að ráða til að samþykkja frumvarp þetta og gefa þannig sveitarfjelagi því, sem um ræðir, heimild til að ráðast í fyrirtæki þetta, er það er fullrannsakað, og vill nefndin breyta 1. gr. frumvarpsins í þá átt, að landsstjórnin samþykki áætlun fyrir hafnargerðina áður en ráðist er í hana.

Nefndin finnur ástæðu til að taka það fram, að hún getur ekki látið vera að bera saman hin stóru vega- og brúarmál, sem hafa fengið svo góðan byr nú síðustu árin, við hafnargerðir, því auk alls þess gagns, beint og óbeint, sem bættir vegir og brýr gera, þá hafa hafnir þær, sem hingað til hafa komið alvarlega á dagskrá þjóðarinnar, það fram yfir vegina og brýrnar, að þær bera sig beinlínis sjálfar fjárhagslega, ef að eins ljett er undir með byggingu þeirra, og auðsjáanlega bæði þessi höfn, Vestmannaeyjahöfn eins og Reykjavíkur, verða til hagsældar hjeruðum þeim, sem nær liggja eða þær liggja í, og bera sig fjárhagslega sjálfar, að minsta kosti í alveg næstu framtíð.

Að öðru leyti vísast í greinargerð frumvarpsins, og ráðum vjer háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

**BREYTINGU.**

Við 1. gr.

A eftir orðunum »Til hafnargerðar í Ólafsvík« komi:  
eftir áællun, sem landsstjórnin samþykkir.

Alþingi, 30. ágúst 1919.

Karl Einarsson,  
form. og ritari.

M. J. Kristjánsson.

Kristinn Danielsson.